

Sterk eiginfjárstaða og stöðugur rekstur **- Eitt stærsta framkvæmdaár í sögu Landsnets**

Árshlutareikningur Landsnet fyrir janúar – júní 2017 var lagður fram í dag. Afkoma fyrirtækisins er samkvæmt áætlunum.

Á síðasta ári var unnið að breyttri fjármögnun og lánasafnið fært að stærstum hluta úr verðtryggðum íslenskum krónum yfir í Bandaríkjadali sem skilaði betri vaxtakjörum. Þetta endurspeglast í uppgjörinu þar sem verulegar breytingar hafa verið á gengi gjaldmiðla á tímabilinu en áhrifa þeirra gætir ekki nema að óverulegu leyti í uppgjörinu í fyrsta skipti í langan tíma.

Mikilvægum áföngum hefur verið náð í endurfjármögnun fyrirtækisins, búið er að greiða niður lán og endurgreiðsluferli langtímalána hjá félaginu bætt til muna.

Fjárfestingar eru undir áætlunum en tafir vegna leyfisveitinga höfðu áhrif á framkvæmdir fyrirtækisins. Stærsta einstaka verkefni ársins, að tengja Þeistareykjavirkjun og PCC á Bakka við meginflutningskerfið er þó á ætlun.

Helstu atriði árshlutareiknings

- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 29,1 m. USD (3.010,8 millj.kr) samanborið við 27,6 m. USD (2.853,2 millj.kr) árið áður og er daglegur rekstur félagsins stöðugur. Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 10,5 m. USD (1.089,6 millj.kr) fyrstu 6 mánuði ársins 2017 samanborið við 2,6 m. USD (273,2 millj.kr) tap á sama tímabili árið 2016.
- Heildareignir félagsins í lok tímabilsins námu 833,8 m. USD (86.160,9 millj.kr) samanborið við 770,8 m. USD (79.656,2 millj.kr) í lok árs 2016. Heildarskuldir námu í lok tímabilsins 514,2 m. USD (53.136,5 millj.kr) samanborið við 462,4 m. USD (47.785,0 millj.kr) í lok árs 2016.
- Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins var 38,3% samanborið við 40,0% í lok ársins 2016. Eigið fé í lok tímabilsins nam 319,6 m. USD (33.024,4 millj.kr) samanborið við 308,4 m. USD (31.871,2 millj.kr) í lok árs 2016.
- Lausafjárstaða Landsnets er sterk, handbært fé í lok júní nam 56,6 m. USD (5.845,9 millj.kr) og handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 37,3 m. USD (3.852,4 millj. kr).

Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri:

„ Það er ánægjulegt að sjá að árshlutareikningurinn sýnir að rekstur Landsnets er stöðugur og eiginfjárstaða félagsins er sterk. Stefnan sem mörkuð var við endurfjármögnunina hefur þegar skilað miklum árangri . Við erum á lygnum sjó og höfum sett okkur það markmið að skila stöðugum, arðsömum og hagkvæmum rekstri. Á næstu misserum munum við ljúka við endurfjármögnun félagsins. Þrátt fyrir tafir vegna leyfismála stefnir í að þetta verði eitt mesta fjárfestingaár í sögu fyrirtækisins.“

Hér er hægt að nálgast árshlutareikninginn: www.landsnet.is

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang guðlaugs@landsnet.is

	USD	USD	USD
<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
Rekstrarreikningur			
Rekstrartekjur	71.504	65.350	60.997
Rekstrargjöld	(42.369)	(37.740)	(32.423)
Rekstrarhagnaður	29.135	27.610	28.574
Hrein fjármagnsgjöld	(16.037)	(31.064)	(13.949)
Áhrif hlutdeildarfélags	66	119	81
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	13.164	(3.335)	14.706
Tekjuskattur	(2.620)	691	(2.925)
Hagnaður (tap)	10.544	(2.644)	11.781

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	30.6.2017	31.12.2016	31.12.2015
Efnahagsreikningur			
Fastafjármunir	757.416	735.376	709.797
Veltufjármunir	76.345	35.441	84.813
Eignir samtals	833.761	770.817	794.610
Eigið fé	319.570	308.411	323.756
Langtímaskuldir	471.317	425.762	435.873
Skammtímaskuldir	42.874	36.644	34.981
Eigið fé og skuldir samtals	833.761	770.817	794.610

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
Sjóðstreymi			
Handbært fé frá rekstri	37.279	26.917	24.705
Fjárfestingahreyfingar	(35.506)	(15.983)	(9.345)
Fjármögnunarahreyfingar	35.811	(6.877)	(55.320)
Áhrif gengisbr./þýðingarmunur	733	627	(715)
Handbært fé í ársbyrjun	18.253	62.290	96.412
Handbært fé í lok tímabils	56.570	66.974	55.737

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
Helstu kennitölur			
EBITDA	42.874	41.654	39.229
	30.6.2017	31.12.2016	31.12.2015
Eiginfjárhlutfall	38,3%	40,0%	40,7%